

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

35. tölublað 34. árgangur. Fimmtudagur 16. nóvember 2023

Krambúðin Garðabæ
Opið til kl. 23:30 alla daga



Nýjar íbúðir
komnar í sölu!
Eskiás 3, Garðabæ



Bókið skoðun

898 6106

KRAFTUR – TRAUST
– ÁRANGUR



TORG
fasteignasala



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S. 568 2666

Lyfjaval

HEILSA & HÁMNGJAF

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Garðaskóli sigraði

í forritunar- og hönnunarkeppni
FIRST LEGO League Ísland



Liðið Ragga's Angels úr Garðaskóla fagnar sigrinum sl. laugardag

Liðið Ragga's Angels úr Garðaskóla í Garðabæ gerði sér lítið fyrir og sigraði í forritnar- og hönnunarkeppni FIRST LEGO League Ísland sem fram fór í Háskólabíói sl. laugardag.

Liðið sigraði í vélmennakappleiknum, hlaut viðurkenningu fyrir besta hönnun og forritun á vélmenni og var í 2.-3. sæti með nýsköp-

unarverkið sitt. En þessi árangur skilaði liðinu sigri í heildarkeppninni. Virkilega vel gert hjá liðsmönnum Ragga's Angels úr Garðaskóla!

Um leið vann lið Garðaskóla sér inn þátttökurétt í norrænum keppnum FIRST LEGO League og mun liðið keppa í Óðinsvé í Danmörku 24.-25. nóvember (Frh. á bls. 4.).

KOMINNTÍMA
SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is



- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ
"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

MEIRA HOLLT
LEMON
HAGKAUP GARÐABÆ

30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA


Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimáningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boróplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölu.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!

RB
RÚM



heklaíslandi



Hágæða Florence bómullarhandklæði
og nátt sloppar frá CLARYSSE bath & kitchen



Falleg handmáluð jólakerti frá FLATYS

Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á Instagram

Opið mánudaga til fimmtudaga 08:00-18:00 · föstudaga 08:00-17:00 · laugardaga 10:00-14:00



GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn næst 23. nóvember

Síðasti skiladagur föstudaginn 17. nóvember
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Garðabæ

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Framhald af forsiðu

Garðaskóli sigraði í forritnar- og hönnunarkeppni FIRST LEGO League Ísland

Lið Ragga's Angels á leið til Danmerkur



F.v. Högn Þóroddsdóttir, Ágúst Fannar Einarsson, Kjartan Páll Kolbeinsson, Jón Kári Smith, Benedikt Aron Kristjánsson, Helen Silfá Snorraddóttir og Sóley Edda Ingadóttir

Það voru ríflega 100 grunnskólanemar á aldrinum 10-15 ára úr 16 grunnskólum alls staðar af landinu tóku þátt í hinni árlegu keppni og því sigurinn hjá Ragga's Angels enn glæsilegri, en First Lego League Challenge hefur verið haldin af Háskóla Íslands síðan árið 2005.

Það er Háskóli Íslands sem heldur utan um keppnina en markmið hennar er að auka áhuga ungs fólks á tækni og vísindum og efla færni og lausnarmiðaða hugsun. Í keppninni reynir á nýsköpunarhugsun og samskipta- og samstarfshæfni liða en um leið er ætlunin að byggja upp sjálfstraust ungs fólks.

Að baki sigri Ragga's Angels liggja þrotlausar æfingar og vinna. „Þau hafa æft unnið við verkefnið að meðaltali 4 tíma á viku frá því í haust og svo var aðeins bætt í rétt fyrir keppni,” segir Ragnheiður Stephensen kennarinn þeirra en hún kennir einnig stærðfræði við skólann.

Liðsmenn Ragga's Angels eru allir þátttakendur í valgreininni Forritunar- og hönnunarkeppni grunnskóla sem er í boði fyrir nemendur í 10. bekk Garðaskóla en einnig er í boði valgrein fyrir 9. bekk þar sem nemendur geta lært að vinna með vélmennið og æft sig í að leysa þrautir. Eins og áður segir leiðir Ragnheiður Stephensen þetta starf.

Marel og Lemon styrktu liðið til þátttöku í keppninni hér heima með búningum og mat. Liðið fékk svo 200.000 kr. ferðastyrk frá HÍ fyrir sigurinn til að taka þátt í keppninni úti og svo mun Marel einnig styrkja liðið með ferðastyrk. Það er mikill kostnaður sem fellst í því að taka þátt í svona keppni og erfitt fyrir skóla að standa í þeim rekstri án styrkja utanaðkomandi aðila.

Þema ársins 2023 var MASTERPIECE (MEISTARAVERK) - Notaðu ímyndunaraflið til að endurhugsa listheiminn!

Í MASTERPIECE áskoruninni áttu FIRST LEGO League liðin að kanna listheiminn; hvaðan list er sprottin og hvernig henni er miðlað - þá beittu þau aðferðum rannsókna og nýsköpunar við að finna nýjar leiðir til að skapa og miðla list um heim allan.

First Lego League eða FLL er afrakstur samstarfsmilli FIRST® og LEGO® Group. Árið 1998 tóku Dean Kamen, stofnandi FIRST og Kjeld Kirk Kristiansen frá LEGO® Group saman höndum og stofnuðu FIRST LEGO keppnina, öflug keppni sem býður börnum upp á gáskafullt en innihaldsrikt nám um leið og þeim er hjálpað til að uppgötva þá skemmtun sem hafa má af vísindum og tækni.

Grunngildi FLL keppinnar eru:

Uppgötvun: Við könnum nýja færni og hugmyndir.

Nýsköpun: Við nýtum sköpunarkraft og þrautseigju við lausn vandamála.

Áhrif: Við nýtum það sem við lærum til að bæta heiminn.

Þátttaka: Við berum virðingu fyrir hvert öðru og fögnum fjölbreytileikanum.

Teymisvinna: Við erum sterkari þegar við vinnum saman.

Skemmtun: Við höfum gaman og fögnum því sem við gerum!

Í hverju liði eru 4-10 liðsmenn og a.m.k. einn fullorðinn leiðbeinandi.

Hvert lið:

- hannar og forritar LEGOþjark (vélmenni) sem leysir þrautir ársins í vélm- ennakapphlaupi.
- tekur þátt í nýsköpunarverkefni með því að kanna og leysa raunveruleg vandamál sem tengjast viðfangsefni (þema) hvers árs.
- byggir upp góðan liðsanda og keppnisanda.

First Lego League er alþjóðleg Lego keppni sem nær til yfir 600.000 ungmenna í 110 löndum víða um heim.

Þorvaldur sagði frá eldsumbrotum á Reykjanesi

Félag eldri borgara í Garðabæ fékk Þorvald Þórðarson prófessor og eldfjallafræðing til að mæta í Jónshús sl. fimmtudag og fræða félagsmenn um eldsumbrotin á Reykjanesi.

Jörðin skelfur á Reykjanesi þessa dagana og ljóst að miklu varðar að vera mjög vel upplýstur um stöðuna. Það sannaðist líka vel því að á annað hundrað manns mættu á fundinn til þess að fræðast nánar um eldvirkni og þær sviðsmyndir sem kunna að birtast okkur á næstu árum. En ljóst er að mikil virkni er víða á Reykjanesvæðinu öllu. Fyrirlesturinn var mjög fróðlegur.



Útfararþjónusta i yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is
[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)
[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)



TE & KAFFI

Hlýjar kveðjur

FRÁ OKKAR FJÖLSKYLDU
TIL YKKAR



Jóla-kaffið okkar er komið í verslanir og í vefverslun á teogkaffi.is
Njótum saman um hátíðirnar!

Jóladrykkirnir slá í gegn og í ár bætist Jóla Fressó við

Kaffihús Te&Kaffi eru komin í jólabúninginn og jóladrykkirnar slá í gegn

Jólahátíðin er framundan og það er ekki hægt að segja annað en að kaffihús Te&Kaffi séu komin jólabúningin enda jólaskreytingar komnar upp og matseðillinn hefur tekið breytingum og ber nú góðan keim af spennandi réttum í tilefni hátíðarinnar.

Te&Kaffi rekur fallett kaffihús á Garðatorgi, þar sem gott er að setjast niður, stimpla sig út úr amstri dagsins og njóta einstaklega afslappaðs og notalegs andrúmslofts þar sem mjúkur kaffilmur umvefur mann.

En það eru ekki eingöngu kaffihús Te&Kaffi sem taka breytingum yfir jólahátíðina því á hverju ári framleiðir Te&Kaffi sérstakt Jólakaffi sem fæst í öllum matvöruverslunum landsins og á kaffihúsunum að sjálfsögðu.

Eftirvænting eftir Jólakaffinu

Garðapósturinn spurði Halldór Guðmundsson framkvæmdastjóra kaffihúsa Te & Kaffi hvort það sé ávallt sami ilmurinn og bragðið af jóla- og hátíðarkaffinu eða kemur ný tegund á hverju ári? „Jólakaffiblandan er ávallt sú sama, það eru margir sem bíða spennitir eftir Jólakaffinu sínu og vilja það eins ár eftir ár,” segir hann.

Nú eru kaffihúsin ykkar komið í jólabúninginn - ber matseðillinn þess merki - bætist eitthvað við hann í tilefni



jólahátíðarinnar? „Við komum ávallt með jóladrykki sem njóta mikilla vinsælda. Við komum alltaf með Grýlu, Leppalúða og Snæfínn á hverju ári en nú bætist Jóla Fressó við en það er mjög ferskur íste drykkur búinn til úr jólaglöggu teinu okkar, kanil og lime.”

Og þið eruð farin að bjóða upp á nokkuð fjölbreyttan matseðil allt árið, eruð þið stöðugt að þróa hann og bæta við réttum? „Já, við erum í samstarfi við mörg frábær bakarí eins og Brikk, Nýja kökuhúsið og Gæðabakstur og við vinnum saman að vöruþróun á meðlætinu okkar og reynum að koma með nýjungar reglulega yfir árið,” segir Halldór.

Og kaffihúsameningin er stöðugt að verða sterkari hérlendis - Íslendingar eru í auknum mæli farnir að stunda

kaffihúsin? „Já, kaffihús eru almennt að verða vinsælli og vinsælli, við reynum að skapa notalegt andrúmsloft sem fólk sækir í.”

Flestir mjög vanafastir

En halda Íslendingar ekki svoltið fast í sinn kaffidrykk, breyta lítið út af vana eða eru þeir tilbúnir að fá sér einn hátíðarbolla út af stemmningunni? „Flestir eru vanafastir þegar kemur að sínum kaffidrykk en þó tilbúnir að smakka eitthvað nýtt eins og árstíðabundnu drykkina.”

Svo er alltaf spennandi að vita hver sé vinsælasti kaffibollinn á Te&Kaffi? „Cappuccino er vinsælasti drykkurinn á kaffihúsunum okkar. En svo eru árstíðabundnu drykkirnir alltaf vinsælir. Núna eru jóladrykkirnir að slá í gegn.”



Tvöfaldur Cappuccino í uppáhaldi
Hvaða kaffibolli er svo í uppáhaldi hjá Halldóri? „Þegar ég fer á kaffihúsin okkar fæ ég mér alltaf tvöfaldan Cappuccino lagaðan af okkar frábæru kaffibarbjón-

um. Þegar ég er heima þá helli ég ávallt uppá nýristað, nýmalað kaffi,” segir Halldór sem hvetur bæjarbúa að bragða á jóladrykkjunum. „Þeir verða ekki fyrir vonbrigðum með drykkina né jólakaffið.”



Skáld í Flataskóla

Nemendur í 3.-4.bekk Flataskóla fengu góða gesti í tengslum við verkefnið; Skáld í skólum í byrjun nóvember.

bók sína Eldgos, kom ásamt Hjörleifi Hjartarsyni. Heimsóknin tókst vel og höfðu nemendur bæði gagn og gaman af. Það var hlustað, spjallað og sungið og nemendur hvattir til eftirtektar og teikninga.

Rán Flygenring, sem hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs nýverið fyrir

Laugardagsfundur

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir



Laugardaginn 18. nóvember kl. 11:00 í Sjálfstæðisheimilinu, Garðatorgi 7.

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar






Toyota
Kaupþúni

SMYRÐU TIL VEGAR

Ekki villast. Nýttu þér sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 30. nóvember.

20% afsláttur af olíu, síum, rúðupurrkum, perum og fleiru.*

15% afsláttur af vinnu við smurningu.



Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kaupþúni Kaupþúni 6 Garðabæ 570 5070

Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu.*

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

Garðbæingar voru 19.386 10. nóvember sl.

Íbúum Garðabæjar fjölgaði um 510 íbúa á tímabilinu frá 1. desember 2022 til 1. nóvember 2023

Íbúum Garðabæjar fjölgaði um 510 íbúa á tímabilinu frá 1. desember 2022 til 1. nóvember 2023 sem er 2,7% fjölgun, en þetta er mesta íbúafjölgunin ásamt Hafnarfirði yfir þetta tímabili á höfuðborgarsvæðinu.

Garðbæingar voru þann fyrsta 1. nóvember sl. 19.377 og þeir voru orðnir 19.386 sl. föstudag. Það er ekki ólíkegt að 20.000 takmarkinu verður náð fyrir árslok 2024. Garðbæingar voru 18.867 þann 1. desember 2022.

Nágrannir okkar í Kópavogi fjölgaði á þessu sama tímabili um 738 íbúa eða 1,9% og íbúum í Hafnarfirði fjölgaði um 838 eða um 2,7% eins og áður segir.

Fjölgar hlutfallslega mest í Eyja- og Miklaholtshreppi

Þegar horft er til hlutfallslegrar breytingar á íbúafjölda þá hefur íbúum í Eyja- og Miklaholtshreppi fjölgað hlutfallslega mest frá 1. desember 2022 um 13,4% en íbúum þar fjölgaði um 15 íbúa. Hlutfallslega fjölgaði íbúum næst mest í




Sveitarfélaginu Vogar eða 11,4% en þar fjölgaði íbúum um 159 einstaklinga frá 1. desember 2022.

Af 64 núverandi sveitarfélögum þá fækkaði íbúum í 10 sveitarfélögum en fjölgaði eða stóð í stað í 54 sveitarfélögum.

Fjölgar í öllum landshlutum

Íbúum fjölgar í öllum landshlutum miðað við 1. desember 2022. Hlutfallslega mest hefur fjölgunin verið á Suðurnesjum eða um 5,2% sem er fjölgun um 1.608 íbúa. Þessar tölur eru byggðar á skráningu Þjóðskrár á fjölda einstaklinga sem eru skráðir með búsetu hér á landi.

Vinna hafin við ný gatnamót Álftanesvegjar og Garðahraunsvegjar



Vinna er hafin við ný gatnamót Álftanesvegjar og Garðahraunsvegjar. Nýju gatnamótin eru staðsett nokkuð austar á Álftanesveginum en núverandi gatnamót og breytt lega er til að bæta umferðaröryggi og auka greiðfærni. Gatnamótin verða stefnugreind sem stuðlar að auknu öryggi vegfarenda. Einnig verður ný lega hjólreiða- og göngustígs.

Vegagerðin bauð út verkið í haust og bárust 10 tilboð. Þar átti Grafa og grjót ehf lágsta tilboðið, en fyrirtækið bauð rúmum 240 milljónir króna í verkið en PK verk ehf, sem átti hæsta tilboðið bauð 450 milljónir tæpar.

Verkinu skal að fullu lokið 31. ágúst 2024.



Hvatapeningar óbreyttir fyrir árið 2024 og tekjutenging tekin upp

Íþrótt- og tómsundaráð Garðabæjar hefur lagt til óbreytta upphæð hvatapeninga vegna ársins 2024 kr. 55.000 á hvert barn frá og með 5 ára til og með 18 ára, en ráðið leggur til að tekin verði upp tekjutenging auka hvatapeninga á árinu 2024.

15.000 kr. greiðslu aukahvatapeninga

Þá þannig sem dæmi, að fjölskyldur sem eru undir skilgreindum viðmiðunartekjum eða uppfylla sambærileg skilyrði og gilda um afslátt leikskólalagjalda, öðlist rétt á 15.000 kr. greiðslu aukahvatapeninga á hvert barn í þeirra forsjá.

ÍTG hefur það að auginni með tillögu sinni að skapa umhverfi í hvatapeningakerfinu sem veiti jöfn tækifæri fyrir hvert barn í bænnum óháð félags- eða fjárhagslegri stöðu foreldra.



Vilja auka betri nýtingu hvatapeninga sértaklega á meðal eldri aldurshópa

ÍTG mun halda vinnu sinni áfram við að rýna hvatapeningakerfi bæjarins. Meðal þess sem ráðið mun skoða eru leiðir til að auka nýtingu hvatapeninga, þá sérstaklega meðal eldri aldurshópa en söguleg gögn sýna fram á að nýtingarhlutfallið

lækkar verulega um og eftir 15 ára aldurinn.

Íþrótt- og tómsundaráð mun einnig efna til samvinnufunda með félögum í bænnum, foreldrum og unglingum meðal annars með það fyrir augum að greina og skoða leiðir til að bæta hvatapeningakerfi Garðabæjar.


Sýning tileinkuð minningu Valgerðar Guðlaugsdóttur

Á laugardaginn, 18. nóvember kl. 14:00 verður opnuð sýningin, Tileinkun, á Listasafni Reykjanesbæjar, sem er tileinkuð minningu Valgerðar Guðlaugsdóttur, myndlistarkonu, en Valgerður ólst upp í Garðabæ.

TILEINKUN

„Einhvers staðar inni í massanum sá ég endanlegt formið“

Þessi sýning er tileinkuð minningu Valgerðar Guðlaugsdóttur. Innblástur og hugmyndir geta birst manni í ýmsum myndum og úr ólíkum áttum en hugmyndin að þessari sýningu spratt úr draumi sem einum sýningarstjóra dreymdi um rauða



litinn sem Valgerður notaði í fjölda verka sinna. Það má segja að þessi sýning sé ávöxtur þessa draums.

Sýningarstjórnir: Anna Hallin, Olga Bergmann og Guðrún Vera Hjartardóttir. Þær völdu 8 listamenn á stefnumót við verk Valgerðar og með því vildu sýningarstjórnir búa til samhengi – tvíanna



Verk eftir Valgerði, en hún notaði rauða litinn í fjölda verka sinna

saman ákveðna frásögn og samtal við aðrar sterkar listakonur af ólíkum kynslóðum. Listakonurnar eru Brák Jónsdóttir, Hildur Henrýsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Inga Svala Þórdóttir, Katrín Inga Jónsdóttir Hjörðisdóttir, Rákel McMahon, Rósa Sigrún Jónsdóttir og Sigrún Gyða Sveinsdóttir.

Sýningin stendur til og með 11.02.24.

Benný Sif les úr bók sinn á bókasafninu



Benný Sif Ísleifsdóttir kemur á Bókasafn Garðabæjar laugardaginn 18. nóvember kl. 12 og les úr nýjstu barnabók sinni, Einstakt jólatré. Bókin fjallar um fjölskyldu sem heldur út í skóg á aðventunni í leit að

fullkomnu jólatré. Sitt sýnist hverjum um hvaða tré skuli velja en á endanum er það Unnsteinn sem fær að ráða. Þetta er hugljúf saga um fegurðina í því einstaka með heillandi myndum Linn Janssen.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfán
898 5765



Ólöf
898 3075




Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Ú

ÚRVAL ÚTSÝN



6. - 14. JANÚAR 2024 9 DAGAR



BYRJAÐU NÝTT ÁR Í **KARÍBAHAFINU**

PUNTA CANA

Teygðu úr þér á hlýrri sandströnd við túrkísblátt hafið undir pálmatrjám umvafin seið og galdri Karíbahafsins. Beint flug með frábærum flugtímum í sæld og ævintýri á Punta Cana í annari viku janúar með einungis 5 frídaga frá vinnu. Það er svo sannarlega allt innfalið á öllum þeim hótélum sem við bjóðum uppá og val um hótél er fjölbreytt, þú finnur góð fjölskylduhótél á afbragðs verði, rómantískan lúxus og allt þar á milli. Ef einversstaðar er hægt að treyst á gott veður er það á Punta Cana þar sem hitastigið leikur um 26° allt árið um kring. Leyfðu þér að njóta bestu sólarstranda í heimi við tært Karíbahafið með exótískan drykk, ferska ávexti og grillaðan sverðfisk.

Er eitthvað betra?

Fararstjóri:

Helga Thorberg

Helga hefur búið í Dómíníska Lýðveldinu og þekkir því vel til á eyjunni.

VERÐ FRÁ **280.900 KR.**

*M.v. 2 fulloröna og 1 barn, gisting með flugi, sköttum, íslenskri fararstjórn og öllu inniföldu.



**FJÖLDI
SKOÐANA
FERÐA!**

**BEINT
FLUG**

08:30
Keflavík



13:00
Punta Cana

12:00
Punta Cana



20:05
Keflavík

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS



Gleðidagur í Sjálandsskóla

Gleðidagurinn var haldinn hátíðlegur í Sjálandsskóla föstudaginn sl. föstudag. Þá komu nemendur og starfsfólk skólans spariklædd og allir komu með bakkelsi á

hlaðborð. Gleðidagurinn er síðasti dagur vinavikunnar, en þá viku vinna nemendur við ýmis verkefni tengd vináttu.



Heitar umræður á opnum fundi Miðflokksfélags Garðabæjar

Miðflokksfélag Garðabæjar stóð fyrir opnum fundi í Skátaheimilinu Garðabæ þar sem þingmennirnir og Garðbæingarnir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bergþór Ólason mættu og fóru yfir landsmálin og stöðuna á Alþingi. Þeir sátu jafnframt fyrir svörum úr sal.

Miklar og heitar umræður spunnust um hin ýmsu mál og var gerður einstaklega góður rómur af frammistöðu þingmannanna. Vel var mætt á fundinn og mikil stemmning í salnum.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins



Bergþór Ólason þingmaður



Jólabókaspjall

Bókasafn Garðabæjar býður til jólabókaspjalls þar sem höfundar lesa og spjalla um bækur sínar. Brynhildur Björnsdóttir stjórnar umræðum.

Þórdís Gísladóttir



Brynhildur Björnsdóttir



Tómas R. Einarsson



Skúli Sigurðsson



Vilborg Davíðsdóttir



Garðatorg 7
Fimmtudagur
23. nóvember
Kl. 20.00
Húsið opnar 19.30





Traust

og persónuleg þjónusta

Endurskoðun og ráðgjöf ehf starfar á sviði endurskoðunar og bókhalds ásamt skattaráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga.

Við leggjum metnað okkar í að veita faglega og umfram allt persónulega þjónustu.

Endurskoðun
& ráðgjöf ehf.

Garðatorgi 7 • 212 Garðabær
Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is





Líflegt á Haustsýningu Grósku

Glatt var á hjalla þegar Haustsýning Grósku var opnuð í Gróskusalnum í síðustu viku. Mikil fjölbreytni einkennir sýninguna og getur þar að líta skúlptúra, renndar tréskálar, pappmassaverk, vatnslitamyndir, málverk í olíu og akrýl, bleikteikningar og myndir unnar með blandaðri tækni svo fátt eitt sé nefnt.

Verkin eru eftir Gróskufélaga og gestalistamanninn Lúðvík Karlsson Liston frá

Grundarfirði sem sýnir höggmyndir. Sjón er sögu ríkari og fólk er hvatt til að heimsækja sýninguna sem verður opin næstu helgar, 18.-19. og 25.-26. nóvember kl. 13:30-17:30, í Gróskusalnum við Garðatorg 1. Öll hjartanlega velkomin.

<https://www.facebook.com/groska210/>
<https://www.instagram.com/groska-myndlist/>



Pappmassaverk eftir Brynju G.



Brynja Guðmunds og Bergþóra Hulda

Björg Atla - Sveimur

Jólabókaspjall er upphaf jólahátíðarinnar á Bókasafni Garðabæjar

Híð árlega jólabókaspjall Bókasafns Garðabæjar verður haldið á Garðatorgi 7 fimmtudaginn 23. nóvember.

Það er ávallt hugguleg og hátíðleg stemning á bókasafninu á jólabókaspjallinu og fyrir marga bæjarbúa markar þessi viðburður upphaf jólahátíðarinnar. Rit höfundarnir sem lesa upp að þessu sinni eru þau Skúli Sigurðsson, Tómas R. Einarsson, Vilborg Davíðsdóttir og Þórdís Gísladóttir. Brynhildur Björnsdóttir mun stýra spjallinu.

Skúli Sigurðsson hlaut glæpasagnaverðlaunin Blóðdropann fyrir fyrstu skáldsögu sína, Stóra bróður, en nú fylgir hann frumraun sinni eftir með bókinni Maðurinn frá São Paulo sem fjallar um njósnir og nasista á flóttu.


Tónlistarmaðurinn og þýðandinn Tómas R. Einarsson kemur með endurminning-



Frá jólabókaspjallinu á Bókasafni Garðabæjar fyrir síðustu jól

abók sína Gangandi bassi í farteskínu. Þar segir hann sögur af samferðafólki, af hlýju og húmor, sem beinist ekki sist að honum sjálfum, deilir með lesanda gleði og sorgum í lífi sínu og kyndir undir dynjandi sveiflu.

Jólabækur bókasafns!



Vilborg Davíðsdóttir fer með viðstadda í ævintýraför á slóðir víkinga í Austur-Evrópu þegar hún les upp úr bók sinni Land næturinnar sem er annað bindi í bókaflökki hennar um þorgerði Þorsteinsdóttur sem getið er í Laxdælu.

Þórdís Gísladóttir mætir með smásagnasafnið Aksturslag innfæddra sem hefur að geyma sjö sögur sprotnar úr raunveruleikanum. Atburðir sagnanna gætu virst hversdagslegir og smávægilegir við fyrstu sýn en endurspeglar stærri og flóknari hliðar tilverunnar.

Það er því ekki von á öðru en skemmtilegum upplestri, líffegum umræðum og huggulegheitum. Jólabókaspjallið hefst kl. 20, en húsið opnar kl. 19.30. Boðið verður upp á léttar veitingar.



Myndlistarmennirnir Liston og Jón Þorsteinsson við höggmyndir Listons



Bergþóra Huld Birgisdóttir Instagram ömmu pappmassaverk



Rúna Tetzschner. Blámadjúp í blómahafi



María Rún Práandardóttir t.v. segir gesti á haustsýningu Grósku frá bleikteikningum sínum



**Jólavörur Hafsins eru
komnar í verslanir okkar.**

**Humar, humarsúpa, síld, reyktur og grafinn lax
ásamt graflax og piparrótarsósu**

Glæsileg hársýning Bpro í Garðabæ

Í síðustu viku var haldin glæsileg hársýning í húsnæði Bpro heildverslunar í Garðabænum. Það var Kirsten Demant, International Master Trainer frá Davines, sem sýndi listir sínar fyrir fullu húsi hársnyrta.

Kirsten kynnti það sem koma skal í líta-tískunni og var mikil áhersla á koparliti í alls kyns blæbrigðum og djúpa tóna sem munu sóma sér einstaklega vel núna í vetur.

Það var mikil stemning í salnum og greinilegt að gestirnir voru spenntir að fara með nýja kunnáttu og skemmtilegar líta-blöndur inn í jólatörminasem er farin á fullt á hársnyrtistofum landsins.



Fyrirsætur Bpro! Daggrós, Aldís, Gulla, Sólborg og Natalia
Myndataka: Edda Lovísa



Hópur nemenda frá FG til borgarinnar Lugo á NV-Spáni í Erasmus+ verkefni

Hópur nemenda frá FG fór í október síðastliðinn til borgarinnar Lugo á NV-Spáni í Erasmus+ verkefni, sem er styrkt af Evrópusambandinu.

Um var að ræða tólf nemendur, sem gistu hjá spænskum fjölskyldum dagana 8-14. október síðastliðinn. Með í för voru kennararnir Rakei Linda Gunnarsdóttir, Sif Þráinsdóttir, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir og Gunnar Hólmsteinn Ársællsson. Lugo, í héraðinu Galísíu, er álíka stór og Reykjavík, en höfuðborg héraðsins heitir Santiago de Compostela.

Spænski skólinn sem heimsóttur var heitir á spænsku „IES Nosa Seniora dos Ollos Grandes,“ sem útleggst sem „Skóli konunnar með stóru augun“ eða álíka upp á íslensku. Ekki fengum við fullkomna skýringu á nafngiftinni. Þetta er álíka stór skóli og FG, eða með um 700 nemendur.

Þrátt fyrir stífa dagskrá alla dagana frá morgni til kvölds, voru nemendur alltaf jákvæðir og tilbúnir að taka þátt í öllu sem fór fram. Fariðvar víða um svæðið og margt skemmtileg skoðað og gert.

Í þessu verkefni tekur einnig þátt framhaldsskóli frá Lillestrøm í Noregi, „Skedsmo videregående skole“. Norsku nemendurnir gistu einnig hjá spænskum fjölskyldum þessa sömu viku.

Nemendahópar frá FG kynntu land og þjóð í skólanum með glæsibrag og var m.a. sungið. Það var Sesselja Ósk Stefánsdóttir sem sá um það, en hún sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2022.



Hópurinn fyrir framan dómkirkjuna í Santiago de Compostela, héraðshöfuðborgar Galísíu-héraðs. Þar endar hinn svokallaði „Jakobsvegur“ sem er ein frægasta pilgrímaleið í Evrópu. Hópurinn gekk einmitt hluta hans þennan dag. Borgin er þriðji mikilvægasti staður kristinna pilgríma, á eftir Róm og Jerúsalem.



Mikill rómverskra áhrifa gæstir í Lugo, en Rómverjar og Rómaveldi réðu lengi þarna á svæðinu.

Eitt frægasta kennileiti borgarinnar er mikill múr í kringum innsta elsta kjarna hennar.

Er múrinn talinn vera sá best varðveittasti í heiminum og er hann á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Hér er hluti hópsins að ganga hann og ekki spillti veðrið fyrir, og hvað þá að hafa sjálfan Júlíus Sesar í bakgrunni.

Á meðan dvölinni stóð var mesta menningarhátíð borgarinnar í gangi (San Froilan) og því mikið um að vera þessa daga. Fengu því nemendur virkilega menningu Galísíu-héraðsins beint í æð, ef svo má segja.

Mesta áskorun þátttakenda í verkefni sem þessu er að dvelja hjá gestgjöfum sínum og stíga út fyrir sinn eigin þægindaramma. Tókst það afar vel. Ferðin í heild gekk mjög vel og voru nemendur okkar landi, þjóð og skóla til sóma.

Eldhúsumræður með smakki



Í erindi Sigrúnar segir hún frá rannsóknum sínum frá árinu 2007 á eldhúshönnun frá sjónarhóli íbúans



Kristín Guðmundsdóttir á teiknistofunni

Tveir fyrirlestrar verða haldnir sunnudaginn 19. nóvember kl. 13 í Hönnunarsafni Íslands.

Haldóra Arnardóttir flytur fyrirlesturinn, Kristín Guðmundsdóttir, hibýlafræðingur. Eldhúsið sem menningarfyrirbæri, kl. 13:00

Kristín Guðmundsdóttir (1923-2016) var fyrst Íslendinga til að mennta sig í innanhúshönnun á háskólastigi. Í júní 1943 steig hún um borð í Brúarfoss sem sigldi síðan yfir Atlantshafið og lagðist að bryggju í New York 21. júlí. Kristín brautskráðist frá Northwestern University í Chicago árið 1946 og hélt síðan í framhaldsnám í New

York School of Interior Decoration. Hún flaug heim til Íslands árið 1947 með Loftleiðum og hóf þá að miðla hugmyndum sínum um skipulag heimila, eldhúss og herbergja sérstaklega, með hugtökin hagkvæmni, þægindi og ferugð að leiðarljósi. Allt til þess að auka lífsgæði allra heimilismanna.

Haldóra Arnardóttir er listfræðingur og sýningarstjóri skrifaði bók um Kristínu Guðmundsdóttur árið 2015 sem gefin var út af Hinu íslenska bókmenntafélagi.

Sigrún Hanna Þórgrímsdóttir flytur fyrirlesturinn, Mesta fjörið er alltaf í eldhúsinu, kl. 14:00

Í erindinu segir Sigrún frá rannsóknum sínum frá árinu 2007 á eldhúshönnun frá sjónarhóli íbúans. Markmiðið var að kanna hvernignidurrif veggja, sem breytti eldhússkonsum í opin rými, hélt í hendur við breyttar þarfir, gildi og væntingar til heimilisins í samtímanum.

Sigrún Hanna er þjóðfræðingur sem fæst við rannsóknir á efnismenningu og heimilisháttum. Sigrún hefur áhuga á því hvernig ólíkir þátttakendur hafa áhrif á stöðuga mótnun og endurmótnun lífandi bygginga í hversdeginum.

Aðgangseyrir að safninu gjaldir

Íþróttafólk ársins 2023 valið á Íþróttahátíð Garðabæjar 7. janúar 2024



Íþróttafólk Garðabæjar árið 2022 eru Hilmar Snær Örvarsson skíðamaður og Ásta Kristinsdóttir hópfíleikakona

ÍTG hefur samþykkt að halda Íþróttahátíð Garðabæjar 7. janúar 2024 kl. 13:00 í Miðgarði þar sem afhentar verða viðurkenningar vegna ársins 2023.

Viðurkenningar verða veittar fyrir:
a) Þjálfarar ársins, karl og kona

b) Lið ársins í hópiþróttum
c) Fyrsta skipti með A-landsliði
d) Fyrsta skipti með U-landsliði
e) Frammistaða á erlendum vettvangi, verðlaun á NM, EM, HM (eða sambærilegu)
f) Heiðursviðurkenningar fyrir störf að félagsmálum
g) Íþróttafólk ársins, karl og kona

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR

MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

Leikskólamál í Garðabæ

FUNDARTÍMARNIR ERU:

Föstudaginn 17.11 | kl: 09:00

Þriðjudaginn 21.11 | kl: 12:00

Þriðjudaginn 21.11 | kl: 17:00



Garðabær býður foreldrum og forráðafólki barna á leikskólaaldri til fundar um tillögur um bætt umhverfi leikskóla í bænum.

Fundirnir verða haldnir á netinu í gegnum TEAMS og eru foreldrar vinsamlegast beðnir að skrá sig á vef Garðabæjar — www.gardabaer.is — en þar má einnig kynna sér tillögurnar.

